



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Yfirlit yfir starfandi starfs- og stýrihópa skóla- og frístundasviðs og erindisbréf starfshópa

Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar sem voru samþykktar 2. febrúar 2018 skal halda skrá yfir starfshópa á hverju fagsviði og erindisbréf starfshópa skulu kynnt í viðkomandi fagráði. Samantekt upplýsinga um starfshópa á skrifstofu skóla- og frístundasviðs eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð reglulega til upplýsingar. Uppruni starfshópa getur verið samkvæmt samþykkt skóla- og frístundaráðs þar sem sviðsstjóra er falið að setja af stað starfshóp til að sinna ákveðnu verkefni, jafnframt getur sviðsstjóri ákveðið að setja af stað starfshópa.

Í fylgiskjöllum með minnisblaðinu eru upplýsingar um starfshópa á vegum skóla- og frístundasviðs tímabilið febrúar 2024 til desember 2025.

1. Nýir starfshópar frá febrúar 2024 sem eru að störfum eru alls 3
2. Starfshópar frá fyrra tímabili sem eru enn að störfum eru alls 1
3. Starfshópar sem tóku til starfa eftir janúar 2024 og lokið hafa störfum eru alls 2
4. Starfshópar sem voru starfandi í janúar 2024 og lokið hafa störfum eru alls 3
5. Yfirlit yfir ný erindisbréf starfshópa skóla- og frístundasviðs frá febrúar 2024 til desember 2025 eru alls 5.

NÝIR STARFSHÓPAR FRÁ FEBRÚAR 2024 SEM ERU AÐ STÖRFUM – ALLS 3

<u>Starfshópar</u>	<u>Hlutverk/Markmið</u>	<u>Uppruni</u>	<u>Ábyrgð</u>	<u>Formaður/Verkefnastjóri</u>	<u>Starfstímabil skv. erindisbréfi</u>	<u>Staða</u>
Starfshópur um mat á fyrirkomulagi rekstrar á frístundastarfsemi skóla- og frístundasviðs	Hlutverk hópsins er að skoða fyrirkomulag frístundastarfseminnar hjá skóla- og frístundasviði og meta kosti og galla þess fyrirkomulags sem er í dag. Skoðuð verði samlegð í stjórnun félags- og frístundamiðstöðva, sbr. tillögu frá borgarstjórn. Einnig verði skoðuð samlegð við stjórnun frístundastarfs og grunnskólastarfs. Starfshópurinn getur skipað undirhópa fyrir einstök verkefni á leið sinni að ná heildarsýn og við mótun tillagna.	SFS.	Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri SFS.		1. desember 2025 – 15. mars 2026.	Að störfum.
Starfshópur um daglega hreyfingu barna og unglunga í skóla- og frístundastarfi	Að hvetja til daglegrar hreyfingar og/eða útiveru í skóla og frístundastarfi. Að kortleggja hreyfingu og aðstöðu til hreyfingar meðal barna í skóla og frístundastarfi og ljúka við gerð útinámskrár Reykjavíkurborgar.	SFS.	Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri SFS.	Guðrún Halla Jónsdóttir, forvarnarfulltrúi.	Veturinn 2025-2026, skil 1. maí 2026.	Að störfum.

Starfshópur um tillögur til úrbóta í skólajónustu	Meginhlutverk starfshópsins er að kostnaðarmeta þær tillögur sem koma fram í skýrslu stýrihóps um rýningu biðlista og gera grein fyrir niðurstöðum fyrir báðum ráðum. Gera tillögur um fjölgun sérfræðinga í skólakerfinu, eins og talmeinafræðinga og sálfræðinga, hegðunarráðgjafa o.fl. greina hvar helst er þörf á slíkum stuðningi og gera kostnaðar- og tímasetta áætlun sem miðar að því að þjónusta verði í boði frá og með næsta skólaári.	SFS og VEL.	Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri SFS og Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri VEL.	Hákon Sigursteinsson, verkefnastjóri farsældar.	Skil fyrir 1. júní 2025.	Að störfum. Áfangaskil til skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs 18. júní 2025.
--	---	-------------	--	---	--------------------------	--

STARFSHÓPAR FRÁ FYRRA TÍMABILI ENN AÐ STÖRFUM – ALLS 1

<u>Starfshópar</u>	<u>Hlutverk/Markmið</u>	<u>Uppruni</u>	<u>Ábyrgð</u>	<u>Formaður/Verkefnastjóri</u>	<u>Starfstímabil skv. erindisbréfi</u>	<u>Staða</u>
Starfshópur um skipulag undirbúningstíma leikskólakennara	Hlutverk hópsins er að skoða hvernig skipulag og innihald undirbúningstíma leikskólakennara er háttað og skapa umræðu og sameiginlega sýn á hvernig skipulag og innihald undirbúningstíma gæti best verið háttað.	SFS.	Skrifstofustjóri leikskólahluta fagskrifstofu.	Aðalheiður Stefánsdóttir, verkefnastjóri.	Til loka desember 2024.	Að störfum. Skil framlengd til 1. mars 2026.

STARFSHÓPAR SEM TÓKU TIL STARFA EFTIR JANÚAR 2024 OG LOKIÐ HAFA STÖRFUM – ALLS 2

Starfshópar	Hlutverk / Markmið	Uppruni	Ábyrgð	Form./verkefnastj.	Starfstímabil skv. erindisbréfi	Staða
Starfshópur um breytingar á leikskólakerfinu í Reykjavík	Hlutverk hópsins er að skoða leikskólakerfið heildstætt út frá gildum Reykjavíkurborgar um gæðaleikskólastarf.	SFS.	Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri SFS.	Ólafur Brynjar Bjarkason skrifstofustjóri og Aðalheiður Stefánsdóttir deildarstjóri.	Skil fyrir nóvember 2024. Frestur var framlengdur.	Lokið. Skil til framkvæmdastjórnar SFS 7. maí 2025.
Samstarfshópur SFS og ÞON vegna stafrænnar vegferðar SFS	A) Að taka fyrir eftir þörfum þau mál er snerta eftirfarandi þrjár stoðir í starfsemi SFS: 1. Stafrænar náms- og kennslulausnir 2. Stafrænt starfsumhverfi 3. Skráning í þjónustu B) Að hafa yfirsýn yfir stafræn verkefni SFS og kostnað vegna hvers verkefnis. C) Að undirbúa stafræna áætlun hvers árs til að leggja fyrir stjórnendur sviðanna, eftir þörfum.	SFS og ÞON.	Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri SFS Óskar Jörgen Sandholt, sviðsstjóri ÞON.	Halla María Ólafsdóttir, stafrænn leiðtogi SFS.	Árið 2025.	Lokið. Regluleg skil til framkvæmdastjórnar SFS.

STARFSHÓPAR SEM VORU STARFANDI Í JANÚAR 2024 OG LOKIÐ Hafa störfum – ALLS 3

<u>Starfshópar</u>	<u>Hlutverk/Markmið</u>	<u>Uppruni</u>	<u>Ábyrgð</u>	<u>Formaður/Verkefnastjóri</u>	<u>Starfstímabil skv. erindisbréfi</u>	<u>Staða</u>
Verkefnahópur vegna KFS greiningar – Skólahljómsveitir Reykjavíkur	Að greina þjónustu skólahljómsveita í Reykjavík.	SFS.	Sviðsstjóri SFS.	Ingi Garðar Erlendsson, skólahljómsveitarstjóri.	Hópurinn starfar frá 1. október 2023 – 1. mars 2024.	Lokið. Skil til framkvæmdastjórnar SFS 29. janúar 2025
Starfshópur um endurskoðun á hlutverki og þjónustustigi félagsmiðstöðva	Endurskoða hlutverk og þjónustustig félagsmiðstöðva.	SFS.	Sviðsstjóri SFS.	Hulda Valdís Valdimarsdóttir, verkefnastjóri.	Hópurinn starfar til 31. mars 2024	Lokið. Skil til framkvæmdastjórnar SFS 28. ágúst 2024.
Starfshópur um mat á misferlisáhættu hjá skóla- og frístundasviði	Kortleggja áhættusama starfs- og þjónustupætti innan sviðsins.	SFS.	Sviðsstjóri SFS.	Fjármálastjóri SFS.	Starfstímabil þessa starfshóps hófst 15. júní 2021 og störfum hópsins lýkur fyrir lok mars 2022. Starfstími var framlengdur til mars 2024.	Hópur lagður niður.

Yfirlit yfir erindisbréf starfshópa skóla- og frístundasviðs sem hafa verið settir á laggirnar frá febrúar 2024 – desember 2025

Heiti starfshóps	Hlutverk starfshóps
Starfshópur um tillögur til úrbóta í skólapijónustu	Meginhlutverk starfshópsins er að kostnaðarmeta þær tillögur sem koma fram í skýrslu stýrihóps um rýningu biðlista og gera grein fyrir niðurstöðum fyrir báðum ráðum. Gera tillögur um fjölgun sérfræðinga í skólakerfinu, eins og talmeinafræðinga og sálfræðinga, hegðunarráðgjafa o.fl. greina hvar helst er þörf á slíkum stuðningi og gera kostnaðar- og tímasetta áætlun sem miðar að því að þjónusta verði í boði frá og með næsta skólaári.
Starfshópur um breytingar á leikskólakerfinu í Reykjavík	Hlutverk hópsins er að skoða leikskólakerfið heildstætt út frá gildum Reykjavíkurborgar um gæðaleikskólastarf.
Samstarfshópur SFS og þON vegna stafrænnar vegferðar SFS	A) Að taka fyrir eftir þörfum þau mál er snerta eftirfarandi þrjár stoðir í starfsemi SFS: 1. Stafrænar náms- og kennslulausnir 2. Stafrænt starfsumhverfi 3. Skráning í þjónustu B) Að hafa yfirsýn yfir stafræn verkefni SFS og kostnað vegna hvers verkefnis. C) Að undirbúa stafræna áætlun hvers árs til að leggja fyrir stjórnendur sviðanna, eftir þörfum.
Starfshópur um daglega hreyfingu barna og unglinga í skóla- og frístundastarfi	Að hvetja til daglegrar hreyfingar og/eða útiveru í skóla og frístundastarfi. Að kortleggja hreyfingu og aðstöðu til hreyfingar meðal barna í skóla og frístundastarfi og ljúka við gerð útinámskrár Reykjavíkurborgar.

**Starfshópur um mat á fyrirkomulagi
rekstrar á frístundastarfsemi skóla- og
frístundasviðs**

Hlutverk hópsins er að skoða fyrirkomulag frístundastarfseminnar hjá skóla- og frístundasviði og meta kosti og galla þess fyrirkomulags sem er í dag. Skoðuð verði samlegð í stjórnun félags- og frístundamiðstöðva, sbr. tillögu frá borgarstjórn. Einnig verði skoðuð samlegð við stjórnun frístundastarfs og grunnskólastarfs.

Starfshópurinn getur skipað undirhópa fyrir einstök verkefni á leið sinni að ná heildarsýn og við mótun tillagna.

ERINDISBRÉF¹

Starfshópur um tillögur til úrbóta í skólaþjónustu

Ábyrgðarmaður: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs og Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Inngangur:

Þann 19. mars var samþykkt í velferðarráði og þann 24. s.m. í skóla- og frístundaráði að setja á fót starfshóp fulltrúa velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs til að fara yfir og kostnaðarmeta tillögur sem koma fram í skýrslu stýrihóps um rýningu biðlista frá 17. nóvember 2024 og tillögu um skólaþjónustu sem vísað var úr borgarstjórn til skóla og frístundaráðs 4. mars 2024. Tillögur verði kynntar og afgreiddar hjá velferðarráði og skóla- og frístundaráði.

Hlutverk:

Meginhlutverk starfshópsins er að

- Kostnaðarmeta þær tillögur sem koma fram í skýrslu stýrihóps um rýningu biðlista og gera grein fyrir niðurstöðum fyrir báðum ráðum.
- Gera tillögur um fjölgun sérfræðinga í skólakerfinu, eins og talmeinafræðinga og sálfræðinga, hegðunarráðgjafa, o.fl. greina hvar helst er þörf á slíkum stuðningi og gera kostnaðar- og tímasetta áætlun sem miðar að því að þjónusta verði í boði frá og með næsta skólaári.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Rýna og kostnaðarmeta tillögur skýrslu stýrihóps um rýningu biðlista.
- Rýna tillögu um fjölgun sérfræðinga í skólakerfinu, svo sem talmeinafræðinga og sálfræðinga og annarra sérfræðinga eins og við á.
- Rýna og koma með tillögur um skiptingu stöðugilda á milli miðstöðva út frá starfsemi, fjölda starfseininga og lýðfræðilegra breyta í umhverfi barna.

Starfshópin/stýrihópin skipa:

Hákon Sigursteinsson, verkefnastjóri farsældar, sem jafnframt er formaður hópsins

Arndís Steinþórsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskólamála á skrifstofu SFS

Dröfn Rafnsdóttir, deildarstjóri Miðju máls og læsis.

Edda Sif Gunnarsdóttir, teymisstjóri barna og fjölskyldna, Norðurmiðstöð

Elísabet Helga Pálmadóttir, fagstjóri leikskólamála í Suðurmiðstöð

Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Brúarinnar í Austurmiðstöð,

Heiða Hraunberg Þorleifsdóttir, teymisstjóri Vesturmiðstöðvar

Sigprúður Erla Arnardóttir, skrifstofustjóri skrifstofu ráðgjafar á VEL

Haukur Þór Haraldsson fulltrúi fjármálaþjónustu SFS og Bjarki Hermannsson fulltrúi fjármálaþjónustu VEL vinna með hópnum eftir þörfum vegna kostnaðarmats tillagna.

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa:

http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf. Einnig er ráðlegt að fylla út eyðublaðið Skilgreining verkefnis áður en erindisbréf er gefið út í því skyni að skilgreina og afmarka verkefnið með fullnægjandi hætti.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Enginn starfsmaður er sérstaklega skipaður til að vinna með starfshópnum en fulltrúar hópsins skipta með sér ritun fundargerða eftir ákvörðun formanns.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmönnum kostnaðarmetnum tillögum fyrir 1. júní 2025.

Reykjavík, 19.5.2025

Rannveig Einarsdóttir
Steinn Jóhannsson

Hjálagt:

Skýrsla stýrihóps um rýningu biðlista í skólaþjónustu frá 17. nóvember 2024

Minnisblað sviðsstjóra velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs frá 17. mars 2025

Tilkynning um afgreiðslu í borgarstjórn 4. mars 2025 - Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna um skólaþjónustu sem var vísað til skóla- og frístundaráðs.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um breytingar á leikskólakerfinu í Reykjavík

Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Inngangur:

Leikskólakerfið á Íslandi hefur gengið í gegnum miklar breytingar á liðnum árum. Reykjavíkurborg fór í mikla greiningarvinnu árið 2018 og voru í kjölfarið samþykktar fjölmargar aðgerðir sem voru lagðar fram í skýrslu starfshóps um bætt starfsumhverfi leikskólakennara. Árið 2021 voru fleiri aðgerðir samþykktar sem voru lagðar fram í skýrslu stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs. Á meðal aðgerða má nefna lækkun rekstrarleyfa um 7% í öllum leikskólum Reykjavíkurborgar, styttri opnunartíma leikskóla, hámarksdvalartíma barna í 42,5 klst. á viku og fjölgun starfsmanna á eldri deildum. Árið 2021 voru samþykktir kjarasamningar þar sem kveðið var á um innleiðingu á styttri vinnuviku ásamt fjölgun orlofsdaga upp í 30 daga og fjölgun undirbúningstíma í leikskólum. Samhliða þessu voru árið 2020 samþykkt ný lög sem kváðu á um eitt leyfisbréf kennara.

Þær aðgerðir sem samþykktar voru út frá skýrslu starfshóps um bætt starfsumhverfi leikskólakennara höfðu jákvæð áhrif bæði fyrir starfsfólk og börn í leikskólum Reykjavíkur, m.a. lækkaði meðal dvalartími barna og er núna að meðaltali rúmlega 8 stundir á viku.

Út frá vinnuverndarsjónarmiðum er jákvætt að almennt er starfsfólk ánægt með styttingu vinnuviku, það kemst oftast í styttingu og fær lengri hvíld í orlofi. Einnig hefur aukinn undirbúningstími jákvæð áhrif á tíma til samvinnu, ígrundunar og ætti það að bæta fagmennsku og gæði skólastarfs. Von stóð til að með einu leyfisbréfi kennara myndu fleiri kjósa að kenna á leikskólastiginu en það var ekki raunin heldur fóru fleiri kennarar frá leikskólunum yfir á önnur skólastig. Innleiðing þessar lagabreytinga og kjarabóta hefur því verið töluverð áskorun fyrir leikskólana. Áhrifin hafa meðal annars birst í lækkanði faghlutfalli í leikskólum, háu veikindahlutfalli, hárri starfsmannaveltu og tíðni tilvika þar sem þarf að grípa til faliðunarferils og senda börn heim eða loka deildum.

Hlutverk:

- Hlutverk hópsins er að skoða leikskólakerfið heildstætt út frá gildum Reykjavíkurborgar um gæðaleikskólastarf.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Að greina kosti og galla leikskólaumhverfisins í Reykjavík.
- Vinna að tillögum með tækifærum til breytinga sem eru hliðstæðar stefnumótun Reykjavíkurborgar um starfsaðstæður og starfsumhverfi.
- Skila tillögum til skóla- og frístundaráðs um helstu niðurstöður og afrakstur vinnu starfshópsins.

Starfshópurinn skipa:

Ólafur Brynjar Bjarkason skrifstofustjóri leikskólamála hjá SFS

Aðalheiður Stefánsdóttir deildarstjóri á fagskrifstofu leikskólamála hjá SFS

Fagstjórar leikskóla hjá SFS

Til ráðgjafar og samstarfs:

Aðilar frá HÍ/HA

Aðilar frá KÍ

Fjármálaskrifstofa SFS

Mannauðsskrifstofa SFS

Lögfræðiþjónusta SFS

Aðilar frá öðrum sveitarfélögum sem hafa innleitt breytingar á leikskólakerfi viðkomandi sveitarfélags.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni tillögum fyrir lok nóvember 2024.

Reykjavík, 7. október 2024



Reykjavík, 20. desember 2024

ERINDISBRÉF

Samstarfshópur SFS og ÞON vegna stafrænnar vegferðar SFS

Ábyrgðarmaður:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs (SFS).

Óskar Jörgen Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs (ÞON).

Inngangur:

Margvísleg opinber stefnumótun liggur til grundvallar stafrænni umbreytingu á skóla- og frístundasviði. Verkefni SFS taka mið af stafrænni stefnu Reykjavíkurborgar, Menntastefnu Reykjavíkurborgar, aðgerðaáætlun Menntastefnunnar auk ýmissa laga og reglugerða á sviði skóla- og frístundamála.

Stafræn vegferð Reykjavíkurborgar og þar með SFS hefur skilað miklum árangri undanfarin ár. Mörg stafræn verkefni sem varða starfsemi SFS eru í gangi í samstarfi SFS og ÞON. Þó það séu ýmsir hópar sem halda utan um einstök verkefni er þörf á að skerpa heildarumsjón vegferðarinnar og að vera með reglulegan vettvang til að taka á þeim málum sem upp koma hverju sinni og hefur ekki tekist að setja í markvissan farveg. Tilgangurinn er að samstarf sviðanna sé sem skilvirkast til hagsbóta fyrir hagaðila þjónustunnar. Mikilvægt er að nýta styrkleika og sérhæfingu beggja sviða og liðsheild borgarbúum og starfsemi borgarinnar til heilla.

Hlutverk:

A) Að taka fyrir eftir þörfum þau mál er snerta eftirfarandi þrjár stoðir í starfsemi SFS:

1. Stafrænar náms- og kennslulausnir
2. Stafrænt starfsumhverfi
3. Skráning í þjónustu

B) Að hafa yfirsýn yfir stafræn verkefni SFS og kostnað vegna hvers verkefnis.

C) Að undirbúa stafræna áætlun hvers árs til að leggja fyrir stjórnendur sviðanna, eftir þörfum.

Hópin skipa:

Halla María Ólafsdóttir, stafrænn leiðtogi SFS, ÞON, formaður.

Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, skrifstofustjóri SFS.

Guðrún Sigtryggsdóttir, yfirlögfræðingur SFS.

Þorbjörg Þorsteinsdóttir, deildarstjóri SFS.

Auk annarra aðila sem tengjast viðfangsefnum hvers fundar.



Reykjavík



Starfsmaður/verkefnisstjóri hópsins:

Halla María Ólafsdóttir, stafrænn leiðtogi SFS, ÞON.

Til ráðgjafar og samstarfs: Stjórnendur SFS og ÞON og þeir starfsmenn beggja sviða sem koma að einstökum stafrænum verkefnum.

Starfstímabil og skil: 1. jan. 2025 til 31. des. 2025 og þá verði starf hópsins metið og tekin ákvörðun um framhald. Hópurinn kynni verkefni sín reglulega fyrir stjórnendum sviðanna, eftir þörfum.

Hjálagt:

Fylgiskjal 1 – Helstu stafræn verkefni/viðfangsefni SFS



Reykjavík



Helstu verkefni/viðfangsefni í stafrænni vegferð SFS

1. Stafrænar náms- og kennslulausnir

Vörustjóri stafrænna lausna í skóla- og frístundastarfi

“Borgarstjóra”hópurinn

Mat á áhrifum persónuverndar vegna stafrænna lausna SFS - MÁP

Aðgerðaráætlun SFS í tengslum við stafræna stefnu borgarinnar

Upplýsingaöryggismál

2. Stafrænt starfsumhverfi

Dagforeldrar - Mínar síður (samþykkt af verkefnaráði, bíður eftir vörustjóra/þjónustuhönnuði)

Domain (starfandi stýrihópur)

Innleiðing Hlöðu á starfsstaði

Innleiðing Búa (starfandi eigendahópur BBB)

Innleiðing Teams Phone

Innleiðing M365

Torgið

Eldhúsumsjónarkerfið (starfandi stýrihópur)

Nýjar grunnskólasíður

Gagnalandslag SFS

Reykjavík.is - upplýsingar SFS til íbúa

3. Skráning í þjónustu

Leikskólareiknir

Bjargey/Frigg

Gögnin heim

Dagforeldrar

Samstarf við sviðstengil SFS í þjónustuveru







Reykjavík, 26. nóv. 2025
Málsnúmer: SFS25110043

ERINDISBRÉF

Starfshópur um daglega hreyfingu barna og unglunga í skóla- og frístundastarfi

Ábyrgðarmaður: Steinn Jóhannsson, sviðstjóri SFS

Inngangur:

Starfshópnum er ætlað að framkvæmda eftirfarandi aðgerð í [Forvarnaáætlun barna og ungmenna í Reykjavík 2024-2026](#):

B.2. Hvetja börn og ungmenni til að stunda daglega hreyfingu

Aðgerð: Stofnaður verði starfshópur samkvæmt erindisbréfi sem hefur það hlutverk að hvetja til daglegrar hreyfingar og/eða útiveru í skóla og frístundastarfi. Starfshópurinn hefur jafnframt það hlutverk að kortleggja hreyfingu og aðstöðu til hreyfingar meðal barna í skóla og frístundastarfi og að ljúka við gerð útinámsskrár Reykjavíkurborgar.

Mælikvarði: Forvarnaráætlanir leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva geri ráð fyrir daglegri hreyfingu og/eða útiveru samanber gátlista heilsueflandi skóla- og frístundastarfs.

Ábyrgð: SFS og MÍR.

Samstarfsaðilar: Miðstöðvar.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma

Ennfremur eftirfarandi aðgerð 17 í Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027:

Auka hreyfingu barna í leikskóla og á yngsta stigi grunnskóla: Hreyfing í verði í ríkari mæli hluti af daglegu skóla- og frístundastarfi innan og utan deildarinnar/skólastofunnar, allan ársins hring.

Hlutverk og helstu viðfangsefni hópsins:

- Nýta niðurstöður málþings íþróttakennara á menntastefnumóti 2024.
- Nýta niðurstöður stjórnendavagns þar sem stjórnendur leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs voru spurðir hvort markvisst væri unnið að því að efla hreyfingu barna og unglunga í starfinu.
- Meta hvort gera þarf könnun á aðstöðu og framboði á hreyfingu í skóla- og frístundastarfi, m.t.t. fyrirbyggjandi gagna.
- Koma fram með tillögur að úrbótum á aðstöðu og framboði til hreyfingar í kjölfar kannana og málþings.
- Ljúka við gerð útinámsskár Reykjavíkurborgar.
- Setja fram 10-15 tillögur að daglegri hreyfingu fyrir skóla- og frístundastarf miðað við aldur barna sem verða aðgengilegar starfsfólki borgarinnar.



Reykjavík

**Starfshópin/stýrihópin skipa:**

Guðrún Halla Jónsdóttir (formaður), forvarnarfulltrúi Reykjavíkurborgar.
Hafsteinn Hrafn Grétarsson, deildarstjóri Útivistar hjá MÍR.
Örn Ólafsson, Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar.
Dagbjört Þorsteinsdóttir grunnskólaskrifstofu SFS.
Ásmundur Kristberg Örnólfsson, leikskólastjóri Ægisborgar.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, frístundaskrifstofu SFS.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Verkefnastjórar forvarna og félagsauðs á miðstöðvum Reykjavíkur.
Lýðheilsu- og forvarnarteymi SFS.

Starfstímabil og skil:

Vetur 2025-2026, skil 1. maí 2026

[Undirritun ábyrgðarmanns]

Steinn Jóhannsson
sviðstjóri SFS

Hjálagt:

Niðurstöður málþings íþróttakennara á Menntastefnumóti 2024.

[Forvarnaráætlun barna og ungmenna í Reykjavík 2024-2026.](#)

[Niðurstöður stjórnendavagns](#), spurningar um markvissa hreyfingu.



Reykjavík



Reykjavík, 3. desember 2025

ERINDISBRÉF

Starfshópur um mat á fyrirkomulagi rekstrar á frístundastarfsemi skóla- og frístundasviðs með tilliti til heildarstarfsemi sviðsins

Ábyrgðarmaður:

Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Inngangur:

Á síðustu misserum hafa komið ábendingar, svo sem frá ytri úttektaaðilum, fjármála- og áhættusviði borgarinnar o.fl., um að ekki sé samræmi í stjórnendalagi í skóla- og frístundastarfi.

Ein tillaga er snýr að stjórnun félags- og frístundamiðstöðva kom í gegnum samráðsgátt Reykjavíkurborgar frá starfsfólki/íbúum um betri nýtingu á tíma og fjármunum Reykjavíkurborgar. Borgarstjórn samþykkti á fundi sínum 2. des. 2025 að fela sviðum og skrifstofum miðlægrar stjórnsýslu að taka fjórar tillögur, m.a. þá um stjórnun félags- og frístundamiðstöðva til rýningar og undirbúa aðgerðir í samræmi við niðurstöður. Í afgreiðslu kom fram að fjárhagslegum ávinningi verði varið til hagræðingar í rekstri Reykjavíkurborgar eða í mikilvæg stefnumótandi verkefni á sviðum í samræmi við forgangsröðun sviða og áherslur fagráða. Tillögurnar liggi fyrir þann 15. febrúar 2026 og verði lagðar fyrir viðkomandi fagráð og samanteknar tillögur frá ráðunum verði lagðar fyrir borgarráð.

Skipulag frístundastarfs er mismunandi eftir sveitarfélögum. Reykjavíkurborg hefur verið í forystu um langt árabil í þróun frístundastarfs á landsvísi á sama tíma og fagstétt tólmstunda- og félagsmálafræðinga hefur orðið til hér á landi. Mikilvægt er að mat á stöðu og umræða sé tekin heildrænt. Því er settur af stað starfshópur.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að skoða fyrirkomulag frístundastarfseminnar hjá skóla- og frístundasviði og meta kosti og galla þess fyrirkomulags sem er í dag. Skoðuð verði samlegð í stjórnun félags- og frístundamiðstöðva, sbr. tillögu frá borgarstjórn. Einnig verði skoðuð samlegð við stjórnun frístundastarfs og grunnskólastarfs.

Starfshópurinn getur skipað undirhópa fyrir einstök verkefni á leið sinni að ná heildarsýn og við mótun tillagna.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Yfirfara stjórnendalag og skipulag frístundastarfs og grunnskólastarfs hjá Reykjavíkurborg með tilliti til faglegra og fjárhagslegra þátta. Horft skal til skipurits og launa við mat á fyrirkomulaginu.
- Fara yfir verkefni miðstöðva sem varða frístunda- og grunnskólastarfsemi.
- Yfirfara fyrirkomulag húsnæðismála með það að markmiði að samnýting sé til staðar eftir því sem kostur er.
- Yfirfara hlutverk skólastjóra vegna nýtingar húsnæðis út frá grunnskólalögum, ráðningarsamningi skólastjóra og þeim reglum og viðmiðum sem unnið er eftir.
- Yfirfara stöðuna á mönnun og ráðningu starfsfólks í grunnskólum og frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum með tilliti til samráðninga.



Reykjavík



- Rýna starfsmannakannanir/stofnun ársins.

Starfshópurinn skipa:

Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, skrifstofustjóri stjórnsýslu gagna og gæða SFS

Arndís Steinþórsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu SFS

Frans Páll Sigurðsson, fjármálastjóri SFS

Ragnheiður Stefánsdóttir, mannauðsstjóri SFS

Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundaskrifstofu SFS

Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri og ábyrgðarmaður hóps starfar með hópnum.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Þeir aðilar innan borgar/ríkis og utan sem starfshópurinn kys.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn starfi frá 1. desember 2025 til 15. mars 2026 og skili þá niðurstöðum til ábyrgðarmanns. Hópurinn skili ábyrgðarmanni jafnframt áfangaskýrslu 5. febrúar 2026 vegna samþykktar borgarstjórnar sbr. inngang.

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Reykjavík